

Jafnréttisáætlun

Grunn-og leikskóli

Borgarfirði eystra

2019-2022

VIRÐING GLEÐI ÁRANGUR

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun 2019-2022

Almennt

Nemendur

- *Samskipti nemenda og starfsfólks*
- *Náms og starfsfræðsla*
- *Kynferðislegt og kynbundið áreiti*
- *Samstarf milli heimilis og skóla*

Jöfn staða karla og kvenna, starfsmenn

- *Starfshættir*
- *Auglýsingar*
- *Búseta*
- *Endurmenntun*
- *Laun*
- *Samræming starfs og einkalífs*

Framkvæmdaráætlun jafnréttis skólaárið 2019-2022

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun 2018-2019

Almennt

Jafnréttisáætlun (mannréttindaáætlun)

Í skólastarfi þurfa allir þeir sem að skólanum koma taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Skapa þarf tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra sem er samrekinn grunn- og leikskóli er lögð áhersla á að starfsfólk og nemendur skólans njóti jafnréttis og mannréttinda jafnfram því að koma að ákvörðunartöku í mikilvægum málefnum skólans sem og eigin störfum.

Jafnrétti til náms skal haft að leiðarljósi í öllu starfi skólans og tryggja skal jafnræði óháð kyni, fæðingarlandi aldri, fötlun, stétt, stöðu og búsetu. Stefna þessi nær einnig til samskipta gagnvart foreldrum og nærsamfélaginu. Skólanefnd skal samþykkja jafnréttisáætlun skólans og hún birt á heimasíðu skólans.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi og í Aðalnámsskrá grunnskóla er litið svo á að jafnrétti sé einn af grunnþáttum menntunar. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans stuðli að því að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða. Jafnréttisáætlun skólans snýr að nemendum skólans og starfsmönnum og snýr að kyni og kynhneigð, fæðingarlandi, búsetu, stétt, trúarbrögðum, aldri, fötlun og endurmenntun starfsfólks.

Til þess að þeim sem að skólastarfinu koma (starfsfólk, foreldrar og nemendur) líði vel er nauðsynlegt að samskipti allra byggjast á gagnkvæmri virðingu. Traust þarf að ríkja milli aðila og samskiptin jákvæð og uppbyggileg. Með þeim hætti mótast góður starfandi og ánægja.

Nemendur

Í grunnskólalögum er kveðið á um að veita skuli nemendum fræðslu um jafnréttismál meðal annars til að búa þá undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Sem menntastofnun ber skólum, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. gr. jafnréttislaganna (*Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni*) en einnig 23. laganna. (*Menntun og skólastarf*).

Innleiðingu aðalnámskrár grunn- og leikskóla Borgarfjarðar eystri lauk árið 2016. Kennurum ber að taka mið af markmiðum hennar sem lúta að jafnrétti kynjanna sem og öðrum jafnréttissjónarmiðum í öllum námsgreinum svo og við áætlanagerð og stefnumótun skólans. Allir starfsmenn þurfa að vera vakandi yfir því hvort misrétti ríki þegar kynjahalli er í nemendahópnum og skal þess gætt að nemendum sé ekki mismunað vegna kyns síns.

Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Það er á ábyrgð kennara að skima yfir námsefni áður en það er notað í kennslu. Öll verkefni skulu að sama skapi vera á þann veg að ekki er mismunað eftir kynjum, hvort sem á við dreifingu á ábyrgð, verkefna eða skiptingu milli nemenda.

Lykilatriði er að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál í samfélagsfræðikennslu á öllum skólastigum. Áhersla skal lögð á að undirbúa bæði kyn til jafnrar þátttöku í samfélaginu og búa þau undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá skal styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni. Fræðsla um staðalímyndir kynjanna skal vera markviss hluti af námi nemenda á öllum stigum. Umsjónarkennari/lífsleiknikennari/sá sem sér um samskiptatíma sér um að vinna

markvisst gegn hugmyndum um hefðbundin hlutverk kynja og staðalímynda við skipulag kennslu.

Samskipti nemenda eru hluti af námi þeirra í skólanum. Kennsluaðferðir sem krefjast samskipta nemenda, verði notaðar til jafns við einstaklingsbundin verkefni. Forvarnastarf varðandi kynbundið ofbeldi skal vera markviss hluti af kennslu umsjónarkennara á öllum stigum.

Allir nemendur taka þátt í undirbúningi að viðburðum skólans og val í hópa því tengdu byggir ekki í öllum tilfellum á kyni þeirra heldur skal leitast við að hópasamsetning henti verkefnunum frekar en að kyn ráði í hvaða hópi nemendur eru.

Reglulega er lögð könnun fyrir nemendur um líðan, sjálfsmynd, áform og virkni. Unnið er með niðurstöðurnar og leitað leiða til úrbóta. Þetta sjálfsmat nemenda er notað sem innlegg í nemenda -og foreldrasamtöl.

Í leikskólanum leika börn sér með þau leikföng sem í boði eru og starfsmenn eru meðvitaðir um að hefta börn ekki í ákveðnum kynhlutverkum með vali á þeim og leikjum. Námsgögn á leikskólabarna hlíti sömu reglum og námsgögn grunnskólanemenda s.s. bækur og söngvar.

Samskipti nemenda og starfsfólks

Grunnskóli Borgarfjarðar leggur áherslu á að daglegir starfshættir og umgengni við og meðal nemenda einkennist af virðingu, réttlæti og jafnrétti. Allt starfsfólk skal gæta þess að nemendum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigð, útliti, uppruna, aldri og trúarskoðana. Í leik og starfi er leitast við að mæta þörfum einstaklingsins í gegnum fjölbreytt verkefni og hver og einn fái tækifæri til að leysa sín verkefni á eigin forsendum, löngun og hæfileikum. Unnið er markvisst með það að verkefni, hlutverk eða námsvið séu ekki bundin kynhlutverkum.

Náms og starfsfræðsla

Í náms- og starfsfræðslu er lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hafa verið álitin hefðbundin kvenna– eða karlastörf.

Starfsfræðsla miðar að því að nemendur kynnist störfum sem unnin eru á Borgarfirði eystra og í nágrennasveitarfélögunum. Nemendur í 10. bekk fara í starfskynningu á sérstökum starfsdögum að vori eða á öðrum tímum sem ákveðnir eru. Áhersla er lögð á að nemendur hafi val um hvaða starf sem er og í boði eru óháð kyni og skulu þeir jafnframt kynna sér störf (amk. ¼ af dögum) sem ekki eru hefðbundin fyrir þeirra eigið kyn.

Kynferðislegt og kynbundið áreiti

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Nemendum er gert ljóst með markvissri fræðslu og í skólareglum að kynbundið og kynferðisleg áreitni svo og annað ofbeldi líðist ekki í skólanum né annarsstaðar í samfélaginu. Hvetja þarf nemendur til að bregðast við hafi þeir vitneskju um slíkt og benda á leiðir hvert þeir skuli leita. Þá ber starfsmönnum skólans að vera vakandi fyrir einkennum í fari nemenda sem bent gætu til kynferðislegrar áreitni og upplýsa stjórnendur um það.

Með því að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta er leitast skal við að vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.

Skólareglur kveði á um góð samskipti einstaklinga óháð kyni.

Samstarf milli heimilis og skóla

Starfsmenn skólans eru meðvitaðir í samskiptum sínum og skipulagningu á skólastarfi að þeir gefi báðum foreldrum og forráðamönnum tækifæri til að nálgast upplýsingar um barnið. Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að stuðla að góðu samstarfi við báða foreldra til dæmis með því að leggja áherslu á að báðir foreldrar/forráðamenn mæti á samtalsdag, hringja jafnt í föður og móður ef eitthvað er og almennt beina upplýsingum til beggja foreldra.

Jöfn staða karla og kvenna

Starfsmenn

22. grein jafnréttislaga kveður á um að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana eigi að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið og eða kynferðislegt áreitni í skólanum vegna starfsmanna, nemenda eða skjólstaðinga á vegum skólans. Öllum innan skólans er gert ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin. Starfsmönnum er gert ljóst hvert skal leita með mál er varða kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Skólastjóri er því ábyrgur fyrir því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í hans höndum. Einnig ef yfirmaður eða kennari á í hlut, skal þá næsti yfirmaður taka ákvarðanir.

Starfshættir

Í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk er lögð áhersla á að fólki sé ekki mismunað vegna kynferðis þeirra. Leitast er við að mæta þörfum einstaklinganna sem vinna við skólann óháð kyni.

Skólastjóra, kennurum sem og öðru starfsfólki ber að fylgja stefnu skólans um að skólabragur og samskipti einkennist af virðingu og góðum samskiptum á milli einstaklinganna sem í skólanum starfa. Í starfsmannakönnun að vori er spurt um hvort starfsmenn verði fyrir mismunun eða áreitni

Auglýsingar

Öll störf skulu vera auglýst, lögum samkvæmt.

Auglýsingar birtast á vef Skólaskrifstofu Austurlands og á vefsíðu sveitafélagsins hið minnsta, ef þurfa þykir eru störf auglýst á breiðari vettvangi. Í auglýsingum um störf er höfðað jafnt til karla og kvenna og bæði kyn hvött til að sækja um. Tekið skal mið af því við ráðningu að hafa kynjahlutfall sem jafnast. Þó skal hæfasti einstaklingurinn ávallt ráðinn til starfa.uhf

Búseta/húsnæði

Ekki eru veittir styrkir eða ívilnanir vegna húsaleigu. Hreppsnefnd og/eða sveitastjóri aðstoðar við leit að húsnæði ef þarf en getur ekki ábyrgst að húsnæði sé fyrir hendi. Húsnæði í eigu hreppsins er ekki rýmt undir nýbúa.

Endurmenntun

Starfsfólk skólans af báðum kynjum skulu eiga jafna möguleika á endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun svo og til að sækja námskeið og ráðstefnur sem haldnar eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf, og samræmist stefnu skólans og sveitarfélagsins um skólahald. Þar ber að líta til hæfni og þarfa starfsfólksins og þarfa skólans. Við gerð endurmenntunaráætlunar skal þess gætt að mismunun eigi sér ekki stað. Kennarar og annað starfsfólk skrá jafnt og þétt endurmenntun sína og leggja fram skrá um hana í starfsmannaviðtali.

Laun

Konum og körlum sem starfa við Grunnskólann á Borgarfirði eystra skulu njóta sömu kjara sem og starfsaðstæðna. Ekki skal mismuna starfsmönnum við úthlutun verkefna þ.m.t. yfirvinnu og annarra greiðslna.

Samræming starfs og einkalífs

Skólinn skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum starfsmanna með því að hvetja til hreyfingar og sanngjarns vinnuálags. Tekið skal tillit til starfsmanna sem þurfa að taka á sig aukna ábyrgð vegna óviðráðanlegra og eða brýnna aðstæðna í fjölskyldunni. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að konum og körlum sé mögulegt að samræma skyldur í starfi og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Unnið vor 2014 af skólastjóra og kennurum skólans, í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Endurskoðað vor 2019 og er í gildi skólaárið 2019-2022

Endurskoðun skal fara fram næst 2020 að hausti

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Borgarfjarðar eystra byggir á:

- Jafnréttisáætlun Borgarfjarðar eystra
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla
- Skólanámskrá Grunnskóla Borgarfjarðar eystra

Framkvæmdaráætlun jafnréttis skólaárið 2018-2019

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Markmið einelti/jafnrétti	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að bæta samskipti meðal starfsmanna og auka samskiptaflæði og upplýsingagjöf	Starfsmannafundur allra starfsmanna 4-5 á skólaárinu	Skólastjóri	Skólaárið
Að nemendur fái fræðslu um jafnréttismál og þau séu búin undir jafna þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi.	Umsjónarkennarar/ samfélagsfræðikennarar setja jafnréttisfræðslu vetrarins í kennslu-áætlanir	Umsjónarkennarar, samfélagsfræðikennarar	Skólaárið 2019-2020
Að nemendur í 2.-3. bekk fái fræðslu um kynferðislegt ofbeldi.	Teiknimynd frá Blátt áfram.	Skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingar	Skólaárið 2018-2020
Að nemendur á mið- og unglíngastigi fái fræðslu um jafnrétti kynjanna – klám og klámvæðingu og hættur í netheimum.	Verkefni frá kennurum og fyrirlestrar	Umsjónarkennarar, samfélagsfræðikennarar, skólastjórnendur	Skólaárið 2019-2022
Að nemendur á unglíngastigi fái fræðslu um störf á vinnumarkaði sem ýtir ekki undir staðalímyndir kynjanna.	Starfskynning í 10. bekk og starfsfræðsla í 8. og 9. bekk	Náms- og starfsráðgjafi.	Skólaárið 2019-2022
Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að nemendur GBe verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni í skólanum eða viðburðum á vegum hans.	Fræðsla fyrir nemendur um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Í eineltisáætlun skólans er viðbragðsáætlun sem ber að fara eftir. Nemendur upplýstir um hvert skal leita verði þeir fyrir eða vitni að kynbundinni eða kynferðislegri áreitni.	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar	Skólaárið 2019-2022
Að jafnréttisáætlun skólans verði sýnileg, nemendum, starfsfólki og foreldrum.	Jafnréttisáætlun kynnt fyrir foreldrum og birt á heimasíðu skólans.	Skólastjóri	Alltaf
Ráðstafanir gerðar svo nemendur og starfsfólk líði ekki fyrir einangrun	Árleg menningarferð verði hluti af skólahaldi.	Skólastjóri	Alltaf 2019-2020

<p>staðarins, fólksfæð og fábreytni varðandi tækifæri til náms og endurmenntunar.</p>	<p>Samskiptum komið á við aðra fámenna skóla og nemendur skólanna fá tækifæri til að hittast.</p> <p>Heimsóknum komið á við Fellaskóla á Fljótshéraði.</p> <p>Kennarar/nemendur noti forrit s.s. Skype og fjarfundabúnað í auknum mæli til kennslu/náms og til að auka samskipti.</p> <p>Nemendur fái kennslu í gegnum fjarfundabúnað nái ekki að manna kennslu í heimaskóla.</p> <p>Gestakennarar fengnir til að auka fjölbreytni við nám og kennslu.</p> <p>Nemendur eiga kost á að taka þátt í verkefnum á borð við Þjóðleik.</p> <p>Elsta stig fer í skólaferðalag annað hvert ár eða eftir því sem við á til útlanda. (Vor 2019 London)</p> <p>Gerð endurmenntunaráætlunar</p> <p>Tækni verði nýtt við kennslu og endurmenntun.</p> <p>Kennarar og annað starfsfólk hafi möguleika á að fara á námskeið sem bjóðast.</p> <p>Kennarar fari í skólaheimsókn til annars skóla að hausti og vori.</p> <p>Endurmenntun kennara ræðst af stefnu skólans</p>		<p>2018-2020</p> <p>2019-2022</p>
---	--	--	-----------------------------------

	<p>hæfni kennara og stuðli að framþróun þeirra og skólafarsins.</p> <p>Öðru starfsfólki gefst kostur á endurmenntun.</p>		Þegar við á
--	--	--	-------------

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Tvítýngdir nemendur</p> <p>Að auka á jákvætt viðhorf gagnvart fjölbreytileika og læra að líta á sérkenni sem styrkleika.</p> <p>Að tvítýngdir nemendur hafi tækifæri til að styrkja sig í móturmáli sínu.</p> <p>Að tvítýngdir nemendur fái efli kunnáttu sína í íslensku.</p> <p>Að tvítýngdir svo og aðrir nemendur hafi val um að nota hæfileika sína og óskir við úrlausn verkefna.</p>	<p>Fjölbreytileiki nemenda er gerður sýnilegur í skólanum.</p> <p>Kennslustundum nemenda með annað tungumál er fjölgað.</p> <p>Kennarar nota fjölbreytta kennsluhætti og val nemenda er haft að leiðarljósi við skipulag kennslu.</p>		Alltaf

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Sérkennsla</p> <p>Að gæta jafnræðis varðandi nemendur með með sértæka námsörðugleika og þeir fái þá kennslu sem þeir eiga rétt á skv. aðalnámskrá.</p>	<p>Að meta þörf fyrir sérkennslu gagnvart nemendum með sértæka námsörðugleika í grunn- og leikskóla og gera hreppsnefnd grein fyrir úrræðum varðandi aðstoð sérfræðinga.</p> <p>Halda vel utan um sérkennslu og hafa hana gjarnan á einni hendi eða</p>	<p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri Umsjónarkennari</p>	<p>Þegar við á</p> <p>Þegar við á</p> <p>Þegar við á</p>

